

Stykkishólmssbær  
Hafnargötu 3  
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 18. nóvember 2019  
UST201904-152/F.T.  
08.14.02

**Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. ágúst sl. þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 4. júní 2019. Úrbótaáætlun rekstraraðila hefur nú borist stofnuninni.

**Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar um skráningar og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. Ekki hafa allar skráningar borist. Rekstraraðili hefur sent stofnuninni hluta þeirra skráninga er vantaði í ársyfirlit. Í eftirlitinu kom fram að brunnar hefðu verið þurrir og því ekki haegt að framkvæma eftirlitsmælingar skv. kröfum starfsleyfis. Rekstraraðili hyggst dýpka sýnatökubrunna til þess að geta framkvæmt mælingar skv. starfsleyfi.
2. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Starfsleyfi urðunarstaðarins rann út 1. júlí 2018. Breyta þarf aðalskipulagi sveitarfélagsins áður en haegt er að vinna nýtt starfsleyfi. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila stendur breyting á aðalskipulagi yfir. Þegar breyting hefur verið gerð, mun rekstraraðili halda áfram með umsókn sína um starfsleyfi.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en staða úrbóta verður tekin til skoðunar í byrjun árs 2020.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfallst

Sigríður Magnúsdóttir  
Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thirlacius  
Frigg Thirlacius  
lögfræðingur

**Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands**